

7. fundur NOS

kjörtímabilið 2014 – 2018, haldinn í Hveragerði á skrifstofu Skóla- og velferðarþjónustu, miðvikud. 24. júní 2015 kl. 14:00

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Kristófer Tómasson, Ragnar Magnússon, Jón G. Valgeirsson, Helgi Kjartansson, Gunnar Þorgeirsson, Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson, Eydís Þ. Indriðadóttir og Gunnsteinn R. Ómarsson.

1. Yfirlit starfseminnar síðustu mánuði:

María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu, fór yfir stöðu mála og starfsemi síðustu mánaða.

Starfsemi Skóla- og velferðarþjónustunnar hefur nú verið sameinuð á eina vinnustöð í Hveragerði. Starfsemi skólaþjónustunnar hefur gengið vel í öllum meginatriðum. Flutningur vinnustöðva á sama staðinn hefur það að markmiði að bæta nýtingu starfsmanna, auka faglegt samstarf og bæta meðhöndlun og vistun gagna.

Í velferðarþjónustu hluta starfseminnar hafa útgjöld til fjárhagsaðstoðar farið verulega framúr áætlun og á það sérstaklega við um Hveragerði og Ölfus.

2. Ráðning nýs sálfræðing:

Berglind Friðriksdóttir sálfræðingur, búsett í Þorlákshöfn, hefur verið ráðin til Skóla- og velferðarþjónustu. Eins og aðrir starfsmenn sem beint heyra undir Skóla- og velferðarþjónustu mun Berglind hafa vinnustöð í Hveragerði.

3. Úttekt á starfseminni:

Leitað hefur verið til Gerðar G. Óskarsdóttur um að taka út starfsemina og vera sveitarfélögunum til ráðgjafar. Gerður mun mæta uppúr miðjum september, fara í alla skóla og taka viðtöl við stjórnendur og starfsmenn.

4. Undirritun samþykktar um byggðasamlag og erindisbréfa:

Þegar samþykktar samþykktir og erindisbréf voru undirrituð á fundinum.

5. Önnur mál

Á fundinum var rætt um það að óskað yrði eftir upplýsingum frá slitastjórn Skólaskrifstofu Suðurlands um stöðu mála. Þegar hafa sveitarfélögunum verið greiddar óverulegar fjárhæðir vegna slitanna en uppgjör liggur ekki fyrir.

- Að fundi loknum var opið hús í nýrri vinnuástöðu Skóla- og velferðarþjónustu þar sem starfsfólki skólanna á svæðinu var boðið og forsvarsmönnum sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30
Gunnsteinn R. Ómarsson, fundarritari